

## AUGLÝSING

### **um breytingu á deiliskipulagi vatnstöku í Grábrókarhrauni, Borgarbyggð.**

Breytingin felst í því að mörkum skipulagssvæðisins er breytt auk þess sem framkvæmdasvæðinu er skipt í tvo hluta og borholum fækkað úr þremur í tvær. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreinda breytingu á skipulagi.

Ofangreind breyting á skipulaginu öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 4. apríl 2005.*

**Sigurður P. Harðarson**, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.